

Ég horfi yfir hafið ¹⁾

(Bæn I) ²⁾

Valdimar Briem ¹⁾
Ísólfur Pálsson ²⁾

Ísólfur Pálsson, 1904

1. Ég horf - i yf - ir haf - ið um haust af auð - i strönd, í

skugg - a - skýj - um graf - ið það skil - ur mik - il lönd. Sú strönd - in strjála' og

auð - a, er stari' eg héð - an af, er strönd - in stríðs og

nauð - a, er strönd - in hafs - ins dauð - a, og haf - ið dauð - ans haf.

ÉG HORFI YFIR HAFIÐ

Ég horfi yfir hafið
um haust af auðri strönd,
í skuggaskýjum grafið
það skilur mikil lönd.
Sú ströndin strjála' og auða,
er stari' eg héðan af,
er ströndin stríðs og nauða,
er ströndin hafsins dauða,
og hafið dauðans haf.

(V.B.) Sálmur 480/440 (1/5)

BÆN I

Ég bið þig, guð minn góður,
að gefa mér þinn frið.
Ég bið og hlýði hljóður
á hljóma eyru við
sem yndislega óma
um elsku þína og náð.
Þeir blíðum röddum róma
þín ráð og helgidóma
um himinhöf og láð.

(Ís.P.) Bæn (1/3)